

## Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Stakkahlíð,  
105 Reykjavík  
Sími 525 5950, Fax 525 5599  
Forstöðumaður: Sólveig Jakobsdóttir dósent  
Netfang [soljak@hi.is](mailto:soljak@hi.is)

## Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM) eru: dr. Sólveig Jakobsdóttir, dósent, dr. Þuríður Jóhannsdóttir, lektor; dr. Ágústa Pálsdóttir, prófessor; og fulltrúar stuðningsaðila, Sjöfn Þórðardóttur (Heimili og skóli) og Sólveig Friðriksdóttir (3f – félag um upplýsingatækni og menntun). Aðilar að stofunni 2009 voru 35. Fimm doktorsnemar bættust í hópinn 2010 svo aðilar eru nú 40: 15 háskólakennarar. Þrettán aðilar eru doktorsnemar og fjórir meistaranemar.

## Rannsóknir

Aðilar RANNUM hafa verið virkir í fjölmörgum smærri og stærri rannsóknum og/eða þróunarverkefnum. Nokkur þau helstu eru eftirfarandi:

RANNUM hefur tekið þátt í umfangsmiklu samstarfsverkefni *Starfshættir í grunnskólum sem* sem fékk RANNÍS-styrk 2009 og Gerður Óskarsdóttir stýrir. Samstarf er við Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs sem stofnuð var í tengslum við verkefnið. RANNUM fékk viðbótarstyrk úr Rannsóknasjóði HÍ fyrir árið 2010. Hafa fulltrúar RANNUM skoðað þátt upplýsingatækni (UT) í þróun grunnskólastarfs. Einn meistaranemi á vegum RANNUM vann starfendarannsókn um innleiðingu og notkun Mentor í grunnskóla og lauk meistararitgerð. Tveir nýir meistaranemar á vegum RANNUM tengdust verkefninu haustið 2010, annar þeirra með rannsókn á áhrifum upplýsingatækni á skólastjórnun en hinn á tölvuleikjum og skemmtimennt í skólastarfi.

Úttekt á fjarkennslu á framhaldsskólastigi var gerð fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í samstarfi við Símenntun-Rannsóknir-Ráðgjöf (SRR). Var gögnum safnað meðal stjórnenda, nemenda og kennara þriggja framhaldsskóla (stærstu fjarnámsskólanna).

Einn aðili stofunnar, Þuríður Jóhannsdóttir, varði doktorsritgerð um kennaramenntun í fjarnámi, og var það fyrsta doktorsverkefni á Menntavísindasviði sem er lokið. Önnur doktorsverkefni snúa m.a. að efnisgerð sem aðferð við nám, upplýsingalæsi framhaldsskólanema, stefnumótun á sviði upplýsingatækni og að tölvunotkun og stafrænni gjá í Suður Afrískum grunnskólum.

## Kynningarstarfsemi

Fimm málstofur voru haldnar á vegum RANNUM um fjölbreytt viðfangsefni: Rafrænt einelti (í febrúar í samstarfi við SAFT/Heimili og Skóla); kennsla upplýsingalæsis (í mars, fyrirlesari frá HA í útsendingu á neti), Skólapúlsinn (í maí); DIVIS Evrópuverkefnið um notkun myndbanda í tungumálanámi (í september, haldin í samvinnu við Rannsóknarstofu um nám og kennslu erlendra tungumála. Málstofan í nóvember var á Degi íslenskrar tungu; Tungumálatorgið var þá formlega opnað og kynnt að viðstöddu fjölmenni.

RANNUM tók þátt í undirbúningi Menntakviku – málþings Menntavísindasviðs í október, skipulagði tvær málstofur með sjö erindum. Þá voru átta veggspjöld á vegum stofunnar, þar á meðal veggspjald sem kynnti RANNUM. Málstofurnar voru vel sóttar.

Tengslanet á vegum RANNUM sem sett var upp á Ning (<http://utmidlun.ning.com>) 2009 var áfram þróað og eru þar nú skráðir yfir 170 meðlimir. Vefur RANNUM á <http://skrif.hi.is/rannum> hefur jafnframt verið þróaður og heimildasafn stofunnar á Endnote Web.

Skýrsla um úttekt á fjarkennslu var gefin út af RANNUM og SRR og birt á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins í september og niðurstöður kynntar á Menntakviku.

## Annað

Nokkrar beiðnir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og/eða stjórnendum á menntavísindasviði voru lagðar fram um aðkomu RANNUM að verkefnum, s.s. UT-leiðtogaverkefni, dreifnámsverkefni og Tungumálatorginu.

Verkefnisstjóri Tungumálatorgsins er aðili að RANNUM. RANNUM lagði fram áætlun til Menntavísindasviðs um rannsókn á samkenndu við sviðið sem var samþykkt. Gögnum verður safnað á vormisseri 2011.